



Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti
Skuggasundi 1
101 Reykjavík
urn@urn.is

Sent á Samráðsgátt

Reykjavík, 23. apríl 2024

Efni: Umsögn SI um áform um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2011, mál nr. 79/2024

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „**samtökin**“) vísa til máls nr. 79/2024, á samráðsgátt Stjórnarráðsins, þar sem kynnt eru til umsagnar áform um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2011. SI styðja framgang málsins.

Í kynningu um málið segir að í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar sé kveðið á um að lög um verndar og orkunýtingaráætlun verði endurskoðuð frá grunni til að tryggja ábyrga og skynsamlega nýtingu og vernd orkukosta á Íslandi. Á grundvelli þessa hafi umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra skipað sérstakan starfshóp um endurskoðun laga um verndar- og orkunýtingaráætlun. Þá segir að starfshópurinn muni skoða og gera tillögur að breytingum á lögnum í formi frumvarps og greinargerðar til ráðuneytisins. Niðurstaða starfshópsins ásamt drögum að frumvarpi og greinargerð vegna málsins muni verða birt á samráðsgátt Stjórnarráðsins þegar hópurinn hefur skilað niðurstöðum sínum.

Í áformaskjali á samráðsgáttinni er ítrekað vikið að mikilvægi þess að auka trú og traust á lagaramma um orkuöflun landsins, s.s. í 3. tölul. kafla A sem og 2. tölul. kafla B. Eins og nánar segir í umræddum 2. tölul. kafla B þá er markmið þeirra breytinga sem lagðar verða til á lögum nr. 48/2011, að skapa enn frekara traust á því ferli sem rammaáætlun er og reyna eins og unnt er að auka sátt um einstaka virkjunarkosti og forsendur fyrir því að ráðist yrði í nýtingu og vernd þeirra. Enn fremur er mikilvægt að endurskoðað ferli stuðli að markmiðum um orkuöryggi, orkusjálftæði og sjálfbærni í takt við orkustefnu Íslands.

SI hafa ítrekað lýst yfir þungum áhyggjur af stöðu raforkumála á Íslandi og hafa komið á framfæri ábendingum í lengri tíma um að allt stefni í raforkuskort, með neikvæðum afleiðingum fyrir samfélagið allt. SI hafa því ítrekað kallað eftir viðbrögðum stjórnvalda um að beita öllum tiltækum ráðum til að ráðast að rót vandans. Stöðugt og tryggt framboð raforku er grunnur að atvinnu- og byggðarþróun sem og verulega mikilvægt öryggismál fyrir bæði almenning og atvinnulíf um land allt. SI taka því heilshugar undir framangreind markmið, þ.e. að efla traust á umræddri vinnu og tryggja að sú vinna sé að fullu í samræmi við góða og vandaða stjórnsýsluhætti.



Að mati SI hefur ríkt ákveðin stjórnarsýsluleg óreiða hvaða varðar vinnu á vettvangi rammaáætlunar og skort þar verulega á fyrirsjáanleika og gagnsæi hvað þau störf varðar sem og afgreiðslu þeirra mála sem tekin eru fyrir á vettvangi rammaáætlunar. Má í því samhengi benda á skort á skýrum verklagsreglum og hlutlægum mælikvörðum sem og eftirfylgni með grunnreglum stjórnarsýsluréttarins, s.s. málshraðareglu stjórnarsýslulaga, sbr. 9. gr. laga nr. 37/1993.

Framanrituðu til stuðnings vísast hér m.a. til umsagnar SI, dags. 11. mars 2022, um tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, 332. mál. Til frekari skýringa vísast einnig til umsagna SI um sambærileg mál sem flutt voru á 1445., 146. og 151. löggjafarþingum, þ.e. umsagnir dags. 26. desember 2016, 5. apríl 2017 og 9. febrúar 2021. Í tilvísuðum umsögnum eru reifaðar ýmsar athugasemdir og ábendingar um þá ágalla sem SI telja vera í verklagi er viðkemur rammaáætlun og eru þær ábendingar ítrekaðar hér hvað varðar boðuð áform um endurskoðun á rammaáætlun.

Þá vísast einnig til [innviðaskýrslu](#) SI frá árinu 2021 þar sem umfjöllun er um ástand raforkuinnviða, s.s. raforkuvinnslu, og framtíðarhorfur í þeim málaflokki. Þar kemur skýrt fram mikilvægi þess að samfella sé í afgreiðslu virkjanakosta í gegnum rammaáætlun og Alþingi. Auk þess er ein grunnforsendan að jafnvægi sé til staðar á markaðnum svo fyrirtæki í raforkuvinnslu nái áfram að sinna mikilvægu viðhaldi. Of miklar sveiflur í stefnu stjórnvalda gætu raskað þessu jafnvægi.

Loks vísa SI til umfjöllunar um hagsmunaaðila, sbr. kafli F í áformaskjalinu sem tekur á samráði, en þar er í 1. tölul. taldir upp mögulegir hagsmunaaðilar sem leitað verður til í boðaðri vinnu starfshópsins. Að gefnu tilefni vísa SI hér til handbókar um undirbúning og frágang lagafrumvarps, frá árinu 2007¹, þar sem ítrekað er mikilvægi þess að eiga samráð við hagsmunaaðila við gerð frumvarpa, sbr. m.a. kafli 4.3, bls. 10-11, og sér í lagi þegar um þýðingarmiklar breytingar er að ræða. Til marks um slíkar breytingar er á bls. 10 vísað til tilvika á við ef um nýja stefnumörkun er að ræða, sem horfir til breytinga á viðkomandi málefnasviði, nýjar skyldur eru lagðar á einstaklinga, atvinnulíf, sveitarfélög o.s.frv., réttindi framangreindra aðila eru aukin eða þau skert og loks að fyrirhugaðar breytingar snerta marga.

Óneitanlega eiga þessi sjónarmið að fullu við í máli þessu sem enda um að ræða um framtíðarfyrirkomulag hvað varðar vernd og nýtingu orkukosta sem hefur sannarlega áhrif á atvinnulíf, s.s. hvað varðar orkunýtingu og raforkuframléiðslu. Þá hefur stefnumörkun á þessu sviði einnig áhrif á fyrirtæki er þjónusta raforkufyrirtækjum, s.s. ráðgjafar, verktakar eða önnur sérhæfð framléiðslu- og/eða þjónustufyrirtæki. Þar sem raforkufyrirtæki eru sérstaklega tiltekin í umræddu skjali telja SI bæði sjálfsagt og eðlilegt að haft verði hliðsjón af hagsmunum þeirra þjónustuaðila og hugað einnig að samráði við þá aðila í þeirri vinnu sem framundan er.

¹ https://www.stjornarradid.is/media/forsaetisraduneyti-media/media/utgefidefni/handbok_lagafrumvorp.pdf



Samandregið styðja SI áform um boðaða endurskoðun um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun. SI gera ekki frekari athugasemdir við málið að svo stöddu. Er framangreindum ábendingum hér með komið á framfæri við umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka iðnaðarins,

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Lára M. K. Ólafsson', is written over a horizontal line.

Lárus M. K. Ólafsson,
sérfræðingur á sviði umhverfis- og orkumála